



Lögrelustjórinn á Suðurlandi

Sveitarfélög í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi

Hvolsvelli 9. apríl 2021

Hér meðfylgjandi er minnisblað um mögulega tilhögun á uppsetningu myndavéla í almannarými og véla sem búnar eru til númeralesturs í sveitarfélögum innan umdæmis lögreglustjórans á Suðurlandi. Sum þessara sveitarfélaga hafa nú þegar sett upp myndavélar og önnur hafa slíkt í hyggju á meðan einhver hafa ekki rætt innan sinna raða hvort, hvernig og þá hvenær að verkefni sem þessu gæti komið.

Ástæða þess að minnisblað þetta er skrifað er að nauðsynlegt er að tryggja að heildarmynd sé á verkefni sem þessu og að allur sá kostanaður sem lagt er út í vegna þess skili sem mestum árangri, tryggja að ekki sé verið að streyma og geyma efni sem ekki er fullt gagn af.

Rekstur þessara véla hefur verið með þeim hætti að sveitarfélag sem óskar uppsetningar hefur séð um kaup, og uppsetningu á mastri og myndavélum ásamt leyfisgjöldum og því að skila myndmerki á næsta tengipunkt Neyðarlínu sem aftur hefur séð um að skila merkinu til lögreglunnar. Lögregla hefur kostað gagnageymslu og þau leyfisgjöld sem tilheyra hverri myndavél á þeim enda merkisins.

Ríkislögreglustjóri skipaði, um síðustu áramót, starfshóp til að: “uppfæra stöðuskýrslu, að gera einfalda og skýra tillögu um framtíðarfyrirkomulag og loks að gera rekstraráætlun með stofnkostnað búnaðar og rekstrarkostnaði og skiptingu hans” Starfshópurinn skilaði minnisblaði til lögregluráðs nú fyrir skömmu og má gera ráð fyrir að það fari til dómsmálaráðuneytis í framhaldi af því. Væntingar eru um að sami hópur skrifi tillögur að heildstæðum verklagsreglum um notkun hverskonar myndeftirlitsbúnaðar hjá lögreglu í almannarými og á vegum úti en að einhverju leiti munu mismunandi reglur vera í gildi milli embætta landsins þó á sama lagagrundvelli sé byggt.

Með erindi þessu vill lögreglustjórinn á Suðurlandi upplýsa um stöðu þessara mála í dag og þá vinnu og þær hugleiðingar sem uppi eru innan embættisins um uppsetningu og notkun þessara véla.

Virðingarfyllst,

Oddur Árnason

yfirlögregluþjónn